

**217. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 31. ágúst 2022 kl. 16:00
á Microsoft Teams**

Mætt: Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Lísa Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir (fulltrúi nemenda), Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Formaður setur fundinn.

1. Olga fer yfir stöðuna og hvað gert hefur verið frá síðasta fundi. Stór fyrirlestur var haldinn fyrir nemendur á sal skólans í dag þar sem þau Sólborg Guðbrandsdóttir og Þorsteinn V. Einarsson töluðu við nemendur um kynferðislegt ofbeldi, eitraða og jákvæða karlmennsku og fleira. Skólameistari hefur verið í sambandi við Stígamót varðandi aðkomu þeirra á kennarafund föstudaginn 9. september nk. og til að fá mögulega ráðgjöf frá þeim við gerð verkferla og viðbragðsáætlana. Þá er í skoðun að breyta inntaki náms nemenda og bæta kynjafræði inn sem skilgreindri skyldunámsgrein.

Umræða um stöðuna og það sem hefur verið gert og það sem er fram undan.

Næsti fundur verður boðaður nk. föstudaginn 16. september kl. 13:30

Fundi slitið kl. 16:34

Jón S. Valgeirsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Guðríður Egilsdóttir
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Sigurður Einar Guðjónsson
Sigursveinn Sigurðsson
Olga Lísa Garðarsdóttir